# AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2018-2030

## Breyting á aðalskipulagi: Breyting nr. 4: Krossaneshagi, B áfangi

Bæjarstjórn Akureyrar leggur til að Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 verði breytt á eftirfarandi hátt:

Nyrðri hluti athafnasvæðis AT5 (B áfangi Krossaneshaga) verður skilgreindur sem iðnaðarsvæði í stað þess að vera skilgreindur sem athafnasvæði. Stærð þess svæðis þar sem landnotkun breytist úr athafnasvæði í iðnaðarsvæði er 16,5 ha. Nýr landnotkunarreitur iðnaðarsvæðis fær númerið I8B á séruppdrætti fyrir Akureyri - þéttbýli.

Ástæða breytingarinnar er sú að miðað við núverandi og fyrirhugaða starfsemi er talið æskilegra að svæðið sé skilgreint sem iðnaðarsvæði, en á svæðinu er gert ráð fyrir þyngri iðnaðarstarfsemi. Skortur er á slíkum iðnaðarlóðum á Akureyri en með því að skilgreina svæðið sem iðnaðarsvæði fyrir þyngri iðnað er mögulegt að koma á móts við eftirspurn eftir slíkum lóðum.

Að auki er lega göngu- og/eða hjólaleiðar leiðrétt í samræmi við raunverulega legu hennar. Leiðin var áður sýnd norðan athafnarsvæðis AT6 en er nú sýnd meðfram Óðinsnesi sunnanverðu þar sem hún hefur verið lögð.

**Breyting á skipulagsuppdrætti**

Nyrðri hluti athafnasvæðis AT5 (16,5 ha) breytist í iðnaðarsvæði og fær landnúmerið I8B.

Göngu- og/eða hjólaleið er sýnd meðfram Óðinsnesi sunnanverðu þar sem hún hefur verið lögð í stað norðan athafnarsvæðis AT6.

**Breyting á greinargerð**

Breyting verður á töflu yfir athafnasvæði í greinargerð þar sem athafnasvæði AT5 minnkar um 16,5 ha og verður eftir breytingu 31,2 ha.

Breyting verður á töflu yfir iðnaðarsvæði í greinargerð þar sem bætist við iðnaðarsvæðið I8B. Stærð svæðis er 16,5 ha.

**Umhverfisáhrif**

Þeir skilmálar eru settir að mannvirki falli vel að umhverfinu en nánari skilmálum hvað varðar ásýnd mannvirkja, frágang umhverfis, mengunarvarnir og umgengni á svæðinu er vísað til deiliskipulags. Vegna þessa er ekki talið að breyting á aðalskipulagi hafi neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Þrátt fyrir að á iðnaðarsvæðinu sé gert ráð fyrir þyngri iðnaði sem getur haft neikvæð umhverfisáhrif er öll starfsemi á svæðinu háð lögum og reglum um mengunarvarnir sem takmarkar neikvæð umhverfisáhrif.

Talið er að breytingin hafi óveruleg umhverfisáhrif en þó nokkuð óviss þar sem ekki ljós hvaða starfsemi kemur á svæðið.

| Merking | Heiti | Svæði | Stærð ha | Lýsing og sérákvæði reita |
|---|---|---|---|---|
| AT5 | Krossaneshagi reitur B. | Nesjahverfi | 31,2 | Fjölbreytt atvinnustarfsemi, verkst. og sérhæfð verslun. Að hluta óbyggt.<br>Nánar útfært í deiliskipulagi. |

| Merking | Heiti | Svæði | Stærð ha | Lýsing og sérákvæði reita |
|---|---|---|---|---|
| I8B | Svæði vestan Krossaness | Krossanes | 16,5 | Fjölbreytt iðnaðarstarfsemi. Óbyggt.<br>Á svæðinu er gert ráð fyrir þyngri iðnaði sem mögulega getur haft í för með sér neikvæð umhverfisáhrif. Atvinnustafsemi á svæðinu er þó ávalt háð lögum og reglum um mengunarvarnir.<br>Uppbygging og áfangaskipting iðnaðarsvæðisins er háð eftirspurn, eðli og umfangi þeirrar starfsemi sem á svæðið kemur.<br>Í deiliskipulagi verða settir skilmálar til að lágmarka umhverfisháhrif, m.a. skal setja skilmála hvað varðar ásýnd mannvirkja, frágang umhverfis, mengunarvarnir og umgengni á svæðinu.<br>Hönnun og frágangur á svæðinu skal miða að því að mannvirki falli vel að umhverfinu.<br>Nánar útfært í deiliskipulagi. |




AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2018-2030
SÉRUPPDRÁTTUR
AKUREYRI - ÞÉTTBÝLI

STAÐSETNING BREYTINGAR

**SKÝRINGAR**

**LANDNOTKUN**

- Sveitarfélagsmörk
- Þéttbýlismörk
- Vaxtarmörk þéttbýlis
- Íbúðarbyggð (ÍB)
- Miðsvæði (M)
- Verslun og þjónusta (VÞ)
- Samfélagsþjónusta (S)
- Athafnasvæði (AT)
- Iðnaðarsvæði (I)
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)
- Frístundabyggð (F)
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)
- Íþróttasvæði (ÍÞ)
- Kirkjugarðar og grafreitir (K)
- Opin svæði (OP)
- Flugvellir (FV)
- Hafnarsvæði (H)
- Landbúnaðarsvæði (L)
- Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)
- Óbyggð svæði (ÓB)
- Vötn, ár og sjór (V)
- Strandsvæði (ST)
- Helgunarsvæði raflínu (loftlína)
- Friðlýst svæði (FS)
- Önnur náttúruvernd (ÖN)
- Hverfisverndarsvæði (HV)
- Náttúruvá (NV)
- Friðlýstar fornminjar
- Friðlýstar byggingar
- Vatnsbólasvæði (VB)
- Vatnsvernd, grannsvæði
- Vatnsvernd, fjarsvæði
- Öryggissvæði flugvallar

**ÞJÓNUSTUKERFI**

- Stofnvegur
- Tengivegur
- Aðrir vegir og götur
- Vegir í náttúru Íslands
- Göngu- og/eða hjólaleið
- Reiðleið
- Útivistarleið
- Flutningslína rafveitukerfis (loftlína)
- Flutningslína rafveitukerfis (loftlína) sem hverfur á skipulagstímabilinu
- Flutningslína rafveitukerfis (loftlína) sem fer í jörð á skipulagstímabilinu
- Flutningslína rafveitukerfis (jarðstrengur)
- Aðveitulögn hitaveitu
- Aðveitulögn vatnsveitu
- Útrás fráveitu
- Fallpípa
- Metanlögn
- Dælustöð fráveitu

**ALMENNAR SKÝRINGAR**

- Hæðarlínur (20 m)
- Byggingar




GILDANDI AÐALSKIPULAG, ÖÐLAÐIST GILDI 14.05.2018




BREYTT AÐALSKIPULAG

AÐALSKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGIÐ HEFUR MÁLSMEÐFERÐ SKV. 1. MGR. 36. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 VAR AUGLÝST FRÁ 14. águst TIL 25. sept 2019

VAR SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRN ÞANN 15. okt 2019

______________________________

BÆJARSTJÓRI AKUREYRAR

AÐALSKIPULAGSBREYTINGIN VAR STAÐFEST AF SKIPULAGSSTOFNUN ÞANN 30. janúar 2020

______________________ ______________________

Grunnkort: Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrar

Myndmældur hæðarlínugrunnur

Hnitakerfi: Lambert

Hnattstaða: ÍSNET 93

Mælikvarði A3: 1:10.000

N

0 200 400 600 800 1000

Unnið fyrir: Skipulagssvið Akureyrarbæjar

Unnið af: Landslag ehf

LANDSLAG

Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030

Séruppdráttur - Akureyri - Þéttbýli

Breyting nr. 4:

Krossaneshagi, B áfangi

Dags: 25. júní 2019

Breytt: 18. des. 2019